

Mál nr. 270/2013
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingafélagið V-2 v. B

Árekstur bifhjóls og bifreiðar á Tangagötu í Vestmannaeyjum þ. 25.6.2013

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 7.8.2013 ásamt fylgiskjöllum 1-5
2. Bréf V-1 dags. 18.6.2013 ásamt fylgiskjali
3. Bréf V-2 dags 6.9.2013
4. Bréf Fortis lögmannsstofu dags. 5.9.2013.

Málsatvik.

B ók vestur Tangagötu og lenti á A sem var ekið suður sundið sem liggur vestanvert við Kaffi Kró og beygt til vinstri austur Tangagötu. Umferð um Tangagötu nýtur forgangs gagnvart umferð um sundið. Ökumaður A segist hafa stoppað við biðskyldumerkið og litið eftir umferð og síðan ekið áfram inn á Tangagötu þar sem hann varð ekki var við umferð, en þegar hann var kominn inn á götuna, þá hafi hann orðið var við B sem kom á mikilli ferð eftir miðakrein og hafi hann þá stöðvað A til að koma í veg fyrir árekstur en ökumaður B hafi beygt til vinstri inn á öfuga akrein og árekstur orðið. Ökumaður B ber að A hafi verið ekið inn á Tangagötu í veg fyrir B og stoppað og hafi hann þá reynt að sveigja framhjá A en þá hafi A verið ekið af stað aftur en síðan stoppað aftur. Ökumaður B segist hafa ekið yfir hámarkshraða í umrætt sinn. Tvö vitni bera að B hafi verið ekið á mikilli ferð. Lagðar eru fram tvær skýrslur um hraðaútreikning vegna aksturs B. Í annari er niðurstaðan sú að B hafi líklega verið ekið á 94 km hraða en hugsanlegur lágmarkshraði sé 84 km. Niðurstaða útreikningur á grundvelli PC Crash forritsins er að líklegasti hraði B, þegar B lenti á A hafi verið um 85 km hraði.

Álit.

Ökumaður B segist sjálfur hafa ekið yfir leyfilegum hámarkshraða, tvö vitni bera að B hafi verið ekið á miklum hraða í umrætt sinn og tveir hraðaútreikningar sýna það sama. Nægjanlega telst því sannað að B hafi verið ekið langt fyrir leyfilegum hámarkshraða og ökumaður B sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við aksturinn m.a. vegna þess hvað útsýn yfir akstursleiðina var takmörkuð. Ökumaður B ber því meginsök á árekstrinum. Ökumaður A ók inn á aðalbraut í veg fyrir B og ber því einnig sök á árekstrinum. Við mat á sakarskiptingu þykir rétt að ökumaður A beri 1/3 sakar en ökumaður B beri 2/3 sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 1/3 sakar og ökumaður B ber 2/3 sakar.

Reykjavík 24.9.2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.